Menntaskólinn á Akureyri
Haustönn 2012
Enska 603 – 4. bekkur málabrautar
Undanfari ENS503
Kennari: Hrefna Gunnhildur Torfadóttir, hrefna@ma.is

Áfangalýsing

Í áfanganum verður lesið ágrip af enskri bókmenntasögu frá upphafi fram á 19. öld með það fyrir augum að nemendur geti tekist á við lestur texta frá ólíkum tímabilum. Lesnir verða skemmri textar og sýnishorn úr lengri textum frá merkustu tímabilum bókmenntasögunnar. Jafnframt verður eitt stórt leikverk, *Romeo and Juliet* eftir William Shakespeare, tekið til vandlegrar yfirferðar. Unnið verður áfram með þá færni sem nemendur hafa tileinkað sér í fyrri áföngum og lögð áhersla á alla færniþættina (ritun, lestur, hlustun og tal).

Markmið

Nemandi:

- kynnist sögu og þróun enskra og amerískra bókmennta
- þroski hæfni í að lesa og greina bókmenntatexta frá helstu tímabilum enskrar bókmennta- og málsögu
- þjálfist í að skilja og túlka enskar bókmenntir og ljóð með líkingamáli og þungum orðaforða og læri að beita flóknum bókmenntafræðihugtökum
- sýni meira sjálfstæði í vinnubrögðum og geti dregið eigin ályktanir
- geti gert grein fyrir viðfangsefnum sínum á lipurri, blæbrigðaríkri og hnökralausri ensku
- geti unnið sjálfstæða ritgerð á ensku
- geti lesið bókmenntaverk sjálfstætt og fjallað munnlega um þau

Námsefni:

- *Romeo and Juliet,* William Shakespeare
- *Robinson Crusoe,* Daniel Defoe
- *Frankenstein,* Mary Shelley
- *Pride and Prejudice,* Jane Austen
- *Hefti með bókmenntaefni sem tengist þeim tímabilum sem nemendur fjalla um*

Námsmat:

- Vinnueinkunn 15% Hér gilda smápróf og kannanir annarinnar og almenn frammistaða
- Ritgerð og próf úr *Romeo and Juliet* 25%
- Munnlegt próf úr skáldsögunum 30%
- Skriflegt lokapróf 40%

Réttur til breytinga áskilinn

Reglur enskudeildar um próf og skil á verkefnum

Allir nemendur eiga að skila verkefnum á skiladegi nema að fenginni undanþágu hjá kennara.

- Stærri verkefni (ritgerðir, fyrirlestrar, verkefnamöppur (Study Folders) o.þh):
  Hver dagur frá skiladegi sem ekki er skilað verkefni lækkar einkunn um einn heilan. Þegar þrír skóladagar eru liðnir frá skiladegi tekur kennari ekki lengur við verkefnum.

- Smærri verkefni (styttri heimaverkefni t.d. ritanir, stílar, málfræðiverkefni o.þh.)
  Nemandi skilar á skiladegi. Hámarksfrestur ef nemandi ,,gleymir'' verkefni er þar til kl. 16 næsta dag en þá dregst jafnframt einn heill af einkunn. Eftir það tekur kennari ekki við verkefninu.

- Nemandi sem ekki mætir í próf/könnun sem gildir 5% eða meira tekur prófið/könnunina við fyrsta tækifæri og þarf að skila inn vottorði ekki síðar en viku frá prófdegi annars fær hann 0.
- Ef eitthvað kemur uppá daginn áður eða jafnvel samdægurs vegna verkefnaskila þá á að láta kennara vita strax (t.d.í tölvupósti eða símleiðis). Kennari getur gefið frest ef honum þykir ástæða til. Að öðrum kosti gilda ofangreindar reglur um skil á stærri verkefnum.
- **Nemendur í 1. bekk þurfa að ná 40 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- **Nemendur í 2.- 4. bekk þurfa að ná 45 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- **Í áföngum þar sem vægi lokaprófs er minna en 50% þarf nemandi að mæta í próf þótt vetrareinkunn hans sé yfir 5. Mæti hann ekki er hann sjálfkrafa fallinn á áfanganum.**